

48

48. gr.

10. júní

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögglumál.

49. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 10. júní 1920, og er þá um leið úr gildi numin hafnar-reglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað frá 5. sept. 1895, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við reglugjörð þessa.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 10. júní 1920

Í fjarveru ráðherrans.

Öddur Þermannsson.

Vígfús Einarsson.

49

11. júní

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð fyrir Árnæssýslu um fjall-kil, rjetts-höld, grenjaleitir o. fl. vestan Hvitár og Ölfusár 6. ágúst 1909, og annari breytingu á reglugjörð frá 1919

1. gr.

Síðasta málsgrein 11. gr. fjallskilareglugjörðar 1909 falli niður, en í stað málsgreinarinnar komi: Grímsness- og Laugardals greiði hvor um sig allan kostnað af refaveiðum hvor sínum hreppi, á sama hátt og aðrir hreppar vestan Hvitár.

2. gr.

Í stað 13. gr. eða þeirra ákvæða, sem komin eru í hennar stað samkv. breytingu á reglugjörðinni frá 20. maí 1919 komi ný gr. svohljóðandi: Allir fjáreigendur í hreppunum eru skyldir að reka allan fjenað sinn til afrjettar á sumrum nema nautgripi, tamin hross og fráfarðar ær. Þó er mönnum heimilt að hafa annan fjenað heima, ef þeir hafa sauðhelda girðingu fyrir hann í sínu landi. Hreppsnefnd getur veitt einstökum mönnum undarþágu frá þessari skyldu. Þó skal lögð áherslu á það, að Grímsnesingar reki sauðfje til afrjettar svo fljótt að vorinu til, sem hreppsnefnd álitur fært, og ráði rekstrarforingja fyrir hvern rekstur, sem rekinn er á afrjett Grímsnesinga.

3. gr.

Í stað breytingarákvæðanna frá 20. maí 1919 á 18. gr. reglugjörðarinnar komi á

eftir orðunum: í Þingvallahreppi mánudaginn í 22. viku sumars: í Laugardalshreppi í Laugarvatnsrjett þriðjudaginn og í Grímsnesi í Klausturhólarjett miðvikudaginn. Síðan heldur 18. 11. júní gr. reglugjörðarinnar áfram óbreytt frá og með orðunum í Selvogshreppi o. s. frv.

4. gr.

Inn í byrjun 28. gr. reglugjörðarinnar bætist orðið Laugardals inn á milli orðanna Grímsness- og Þingvallahreppum.

5. gr.

Breytingarnar frá 20. maí 1919 á 31. gr. reglugjörðarinnar falli niður, en í nefndri 31. gr. komi svofeldar breytingar: á eftir orðunum Grafnings, Þingvalla komi: Laugardals, Grímsness; en í burtu falli setningin: En úr Grímsness í bygð.

6. gr.

Niðurlagssetning 34. gr. Af óskilafjárverði o. s. frv. falli niður.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Arnessýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 71, gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 11. júní 1920.

Í fjarveru ráðherra.

Þoddur Þeymannsson.

Vígfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Þorkels Guðmundssonar«. **50**
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. júní 1920. Skipulagsskráin er þannig: 12. júní

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Þorkels Guðmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Minningarsjóður Þorkels Guðmundssonar« og er hann stofnaður til minningar um Þorkel Guðmundsson, bónda á Valdastöðum í Kjósarhreppi, er andaðist 23. nóv. 1918, af foreldrum hans og systkinum með upphæð, er nemur kr. 400,00 — fjögur hundruð kr. —